

Skólaráðsfundur 18. nóvember 2024 kl. 14.45.

Mætt: Arna Margrét (fulltrúi kennara), Jónína, Maggý (fulltrúi kennara), Guðrún (fulltrúi starfsfólks), Símon (fulltrúi nærsamfélags), Filip (fulltrúi nemenda), Guðmundur Steinar, (fulltrúi nemenda), var fjarverandi, Lilja Sigurðardóttir (fulltrúi foreldra) var fjarverandi og Elín Dóróthea Þórleifardóttir (fulltrúi foreldra) var fjarverandi.

1. **Fundarmenn kynntir.** Farið yfir hlutverk skólaráðs, hver fulltrúi kynntur og hvaða hóps í samfélaginu hann væri fulltrúi fyrir.
2. **Starfsáætlun Patreksskóla.** Jónína fer yfir áætlunina og segir frá innihaldi hennar. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðu skólans. Starfsáætlunin uppfærast á hverju ári. Rætt um þann möguleika hvort breyta megi upplýsingum um starfsmannahald þar sem það hefur breyst frá því áætlunin var samþykkt í september.
3. **Innra mat.** Jónína fer fyrir ársáætlun innra mats hjá Vesturbyggð. Í skjalinu kemur fram hvað verður gert á þessu skólaári í tengslum við innra mat skólans. Þar kemur m.a. fram að í þessari viku fer fram nemendakönnun sem kannað verður með líðan nemenda. Langtímaáætlun innra matsins er aðgengileg á heimasíðu skólans en ekki ársáætlunin.
4. **Önnur mál.** - Rætt um það hvort þeir sem tengist ekki skólastarfinu, hvorki sem starfsmenn eða foreldrar, frétti eitthvað af starfinu. Símon segir að hann hafi ekki heyrt mikið. En hann segir að engar fréttir séu góðar fréttir og því hljóti skólastarfið að ganga vel. Guðrún tekur undir það. - Rætt um þátttöku nemenda og foreldra í fyrri könnunum um líðan. Þátttakan hefur yfirleitt verið góð. Jónína fer aðeins yfir þessa könnun og sýnir spurningarnar sem lagðar verða fyrir foreldra.

Fundi slitið kl. 15.15

Fundarritari: Arna Margrét Arnardóttir